

Nd.

510. Frumvarp til laga

[275. mál]

um breyting á lögum nr. 46 28. maí 1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

5. tölulíður bráðabirgðaákvæða laganna orðist svo:

Lög þessi skal endurskoða í samráði við aðila vinnumarkaðarins og stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fyrir árslok 1990.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. ágúst 1985 skipaði félagsmálaráðherra, að höfðu samráði við stjórn Vinnueftirlits ríkisins, fjögurra manna nefnd til þess að gera tillögur um endurskoðun laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í nefndinni áttu sæti: Hallgrímur Dalberg, ráðuneytisstjóri, formaður, Þórarinn V. Þórarinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri V.S.Í., Guðjón Jónsson, formaður Málm- og skipasmíðasambands Íslands, og Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins.

Meginniðurstaða nefndarinnar er sú að ekki sé ástæða til að breyta ákvæðum laganna enn sem komið er og leggur hún til að endurskoðun þeirra verði frestað um 5 ár og 5. t.l. bráðabirgðaákvæðis þeirra breytt í samræmi við það. Meginástæður þessarar niðurstöðu eru eftirfarandi:

- Samstaða er í nefndinni um markmið laganna eins og þeim er lýst í 1. gr. þeirra.
- Ábyrgt samstarf hefur verið með aðilum vinnumarkaðarins og ríkisvaldinu í stjórn Vinnueftirlits ríkisins um framkvæmd laganna.
- Nefndin telur það stjórnarfarslega fyrirkomulag sem nú er á þessum málum heppilegt og leiða til líttillar skörunar við aðra málaflokka. Eðlilegt sé að öll málefni sem löggjöf fjallar um á sviði aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis á vinnustöðum myndi sjálfstæðan málaflokk undir sameiginlegri stjórn aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins og undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins sem fer með málefni vinnumarkaðarins.
- Löggin eru mjög viðamikil og óhjákvæmilegt að langan tíma taki að koma þeim til framkvæmda og byggja upp þá starfsemi sem þau gera ráð fyrir. Ekki hefur fengist nægilega löng reynsla af framkvæmd þeirra og sum ákvæði þeirra hafa enn ekki komið til framkvæmda.
- Þau vandkvæði og álitamál sem upp hafa komið frá því löggin tóku gildi telur nefndin að unnt eigi að vera að leysa við framkvæmd þeirra að mestu leyti. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi skýrslu nefndarinnar um mál þetta.

SKÝRSLA

nefndar sem félagsmálaráðherra fól að gera tillögur um endurskoðun laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Reykjavík, í desember 1985.

1. INNGANGUR.

Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum tóku gildi þann 1. janúar 1981. Fimm ár eru því liðin frá gildistöku þeirra um næstu áramót. 5. t. bráðabirgðaákvæða laganna hljóðar svo: „Lög þessi skal endurskoða í samráði við aðila vinnumarkaðarins og stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra“.

Þann 1. ágúst 1985 skipaði félagsmálaráðherra, að höfðu samráði við stjórn Vinnueftirlits ríkisins, nefnd fjögurra manna til þess að gera tillögur um endurskoðun laganna. Í nefndinni áttu sæti eftirtaldir: Hallgrímur Dalberg, ráðuneytisstjóri, formaður, Þórarinn V. Þórarinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri VSÍ, Guðjón Jónsson, formaður Málm- og skipasmíðasambands Íslands, og Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins. Nefndin var skipuð án tilnefningar.

Nefndin ákvað strax í upphafi starfs síns að taka saman skýrslu um þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laga nr. 46/1980 fram til þessa og er hana að finna í kafla 3. Jafnframt komst nefndin að þeirri niðurstöðu að í meginatriðum hefði tekist vel til um framkvæmd laganna. Ekki hefði þó gefist nægur tími til þess að láta reyna að fullu á lögina og því væri rétt að gera ekki á þessu stigi tillögur um breytingar. Nefndin leggur hins vegar til að lögini verði tekin til endurskoðunar á ný að fimm árum liðnum. Nefndin fjallaði sérstaklega um nokkur ákvæði laganna og setur fram ábendingar um framkvæmd þeirra. Einnig fjallaði nefndin um verkefni á sviði vinnuverndar sem hún telur brýnt að vinna að á næstu árum. Nánari grein er gerð fyrir niðurstöðum nefndarinnar í kafla 4.

2. AÐDRAGANDI AÐ SETNINGU LAGA NR. 46/1980.

Eins og fyrr segir tóku lögina gildi 1. janúar 1981. Þau leystu af hólmi lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum frá 1952, en á undan þeim voru í gildi lög um eftirlit með vélum og verksmíðjum frá 1928. Með hinum nýju lögum var Vinnueftirlit ríkisins sett á laggirnar og tók það við allri starfsemi og aðstöðu Öryggiseftirlits ríkisins og hluta af verkefnum heilbrigðisnefnda auk nýrra verkefna sem lögina kveða á um. Undanþegin lögnum eru siglingamál, loftferðir og algeng heimilisstörf í einkaíbúðum.

Endurskoðun löggjafarinnar má rekja til samkomulags aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir í vinnuverndarmálum vorið 1977 sem m.a. fól í sér að óskað var eftir slíkri endurskoðun við ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar sem þá var við völd.

Ríkisstjórnin tók vel í þessar óskir og setti á laggirnar nefnd til þess að semja frumvarp að nýjum lögum og áttu í henni sæti eftirtaldir 9 menn:

Hallgrímur Dalberg, ráðuneytisstjóri, formaður
Barði Friðriksson, Vinnuveitendasambandi Íslands

Geir Þorsteinsson, Vinnuveitendasambandi Íslands
Júlíus Kr. Valdimarsson, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna
Guðjón Jónsson, Alþýðusambandi Íslands
Karl Steinar Guðnason, Alþýðusambandi Íslands
Bolti Thoroddsen, Alþýðusambandi Íslands
Friðgeir Grímsson, öryggismálastjóri
Hrafn V. Friðriksson, Heilbrigðiseftirliti ríkisins.

Frumvarp um þessi mál var fyrst lagt fram á Alþingi haustið 1979 af Magnúsi H. Magnússyni, félagsmálaráðherra í stjórn Ólafs Jóhannessonar, en náði ekki fram að ganga á því þingi og var lagt fram á ný í ársbyrjun 1980 af Svavari Gestssyni, félagsmálaráðherra í stjórn Gunnars Thoroddsen, eftir að þing kom saman að afloknum kosningum í desember 1979 og ný ríkisstjórn hafði verið mynduð. Frumvarpið var samþykkt með nokkrum breytingum sem lög frá Alþingi í maí 1980 eins og fyrr greindi. Fljótlega eftir samþykkt laganna var sett á laggirnar nefnd til að undirbúa gildistöku þeirra og fara yfir gagnrýni og ábendingar sem fram höfðu komið við umfjöllun um málið á Alþingi. Í þessari nefnd áttu sæti eftirtaldir 11 menn:

Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri, formaður
Barði Friðriksson, Vinnuveitendasambandi Íslands
Geir Þorsteinsson, Vinnuveitendasambandi Íslands
Júlíus Kr. Valdimarsson, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna
Magnús E. Guðjónsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Guðjón Jónsson, Alþýðusambandi Íslands
Karl Steinar Guðnason, Alþýðusambandi Íslands
Bolti Thoroddsen, Alþýðusambandi Íslands
Gunnar Gunnarsson, Bandalagi starfsmann ríkis og bæja
Ingimar Sigurðsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu
Eyjólfur Sæmundsson, öryggismálastjóri.

Lauk nefndin störfum í október 1980 og skilaði skýrslu til félagsmálaráðherra.

Sú þróun mála, sem lýst er að framan, er í grófum dráttum í samræmi við það sem gerst hafði í nágrannalöndunum. Þar hafði löggjöf um þessi mál víðast verið endurskoðuð og stofnanir sem annast fræðslu, eftirlit og rannsóknir verið eflaðar samtímis því að stóraukin áhersla var lögð á samstarf starfsmanna og stjórnenda fyrirtækja innan vinnustaðanna sjálfra. Vinnuverndarmál höfðu einnig hlotið aukna áherslu í alþjóðasamstarfi sem m.a. kom fram í samþykktum Alþjóðavinnuástandaáttunnar (ILO) og í gerð sérstakrar samstarfsáætlunar Norðurlandanna um vinnuvernd. Einnig höfðu nýjar rannsóknir aukið þekkingu manna á áhættuþáttum í starfsumhverfi. Rannsóknir leiddu m.a. í ljós að hin stórauðna notkun ýmiss konar efnasambanda á vinnustöðum gat haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir starfsmenn ef ekki voru gerðar nægar varúðarráðstafanir, afleiðingar sem í sumum tilvikum koma ekki í ljós fyrr en eftir margra ára eða jafnvel áratuga snertingu við efnin.

Í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir í vinnuverndarmálum, sem fyrr er getið, var kveðið á um nauðsyn könnunar á ástandi þessara mála. Þáverandi ríkisstjórn beitti sér fyrir framkvæmd slíkrar könnunar og náði hún til 158 fyrirtækja með rúmlega 8200 starfsmönnum um land allt. Niðurstöður birtust í skýrslu félagsmálaráðuneytisins, „Vinnuvernd II“ frá október 1980, og bentu þær til þess að ýmsum þáttum þessara mála væri verulega ábótavant og mikið verk framundan við að koma á nauðsynlegum úrbótum.

3. FRAMKVÆMD LAGA NR. 46/1980 OG STARFSEMI VINNUEFTIRLITS RÍKIS- INS TÍMABILIÐ 1. 1. 1981 — 31. 10. 1985.

3.1. SKIPULAG OG ÞRÓUN STARFSEMINNAR.

Markmið starfseminnar.

Meginmarkmið laga nr. 46/1980 er samkvæmt 1. gr. þeirra að:

- a) tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu,
- b) tryggja skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál, í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

Verkefni Vinnueftirlitsins er samkvæmt 78. gr. laganna að:

- a) leiðbeina fyrirtækjum, öryggisnefndum, öryggisnefndum sérgreina, aðilum vinnumarkaðarins og opinberum aðilum um mál er varða starfsumhverfi,
- b) aðstoða félagsmálaráðuneytið við undirbúning á reglugerðum í samræmi við lögin,
- c) gefa út reglur og leiðbeiningar í samræmi við lögin,
- d) afla og viðhalda þekkingu um félagslega og tæknilega þróun í þeim tilgangi að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti í starfsumhverfi,
- e) veita, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, fræðslu og upplýsingar varðandi hættur á vinnustöðum og varnir gegn þeim, svo og um nýja tækni og þekkingu, sem stuðlað getur að umbótum á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum,
- f) sjá um að haldin sé skrá yfir hvers konar sjúkdóm sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfi, tíðni þeirra og útbreiðslu. Vinnueftirlitið skal m.a. á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga eiga frumkvæði að því, að rannsóknir verði framkvæmdar af viðeigandi stofnunum á hinum ýmsu tegundum atvinnusjúkdóma, svo og fylgjast með, að aðgerðir séu viðhafðar til varnar gegn og lækningar á þeim,
- g) fjalla um öryggisþætti í áætlunum um vinnslu- og framleiðsluaðferðir, vinnustaði, tækni- og tækjabúnað og fleira. Einnig um notkun efna, þegar í lögum eða reglugerðum er mælt svo fyrir, að leyfi Vinnueftirlits ríkisins þurfi til,
- h) hafa eftirlit með og sjá um, að lögnum og þeim reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, sé framfylgt.

Nánari ákvæði um starfsemina er að finna í ýmsum greinum laganna.

Samkvæmt 79. gr. laganna getur ráðherra falið stofnuninni með reglugerð að fjalla um tiltekin mál og verkefni, skyld þeim verkefnum sem lögin fjalla um. Samkvæmt 3. gr. þeirra getur ráðherra ennfremur ákveðið að áhöld, mannvirki og framkvæmdir sem lögin ná ekki til skuli háð því eftirliti sem þau mæla fyrir um, enda séu viðkomandi atriði ekki háð öðrum lögum. Ekki hefur verið sett ný reglugerð að þessu lútandi, en samkvæmt eldri reglugerðum hefur stofnunin eftirlit með fólkslyftum, þar á meðal skíðalyftum, og rafkynntum vatnshitunarkerfum. Stjórn stofnunarinnar hefur nýverið samþykkt að leggja til við ráðherra að í reglugerð verði tekin af tvímæli um að garðsláttuvélar og ýmiskonar vélknúin verkfæri falli undir ákvæði laganna og eftirlit Vinnueftirlitsins, hvort sem þau eru seld eða afhent til notkunar við atvinnurekstur eða til einstaklinga.

Stjórn stofnunarinnar, mannaflí og aðstaða.

Stjórn Vinnueftirlitsins var skipuð í desember 1980 eftirtöldum mönnum:

Þorvarður Brynjólfsson, heilsugæslulæknir, formaður
Víglandur Þorsteinsson, Vinnuveitendasambandi Íslands
Guðmundur Karlsson, Vinnuveitendasambandi Íslands
Júlíus Kr. Valdimarsson, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna
Albert K. Sanders, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Guðjón Jónsson, Alþýðusambandi Íslands
Guðmundur J. Guðmundsson, Alþýðusambandi Íslands
Karl Steinar Guðnason, Alþýðusambandi Íslands
Ólafur Jóhannesson, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Breytingar hafa orðið á skipun stjórnarinnar og eiga nú sæti í henni Þórarinn V. Þórarinnsson og Óskar Mariússon sem fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands, Hjörtur Eiríksson sem fulltrúi Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Hilmar Jónsson sem fulltrúi Alþýðusambands Íslands í stað Guðmundar J. Guðmundssonar.

Forstjóri Vinnueftirlitsins var skipaður Eyjólfur Sæmundsson, verkfræðingur, samkvæmt tillögu stjórnarinnar.

Samkvæmt 3. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 46/1980 skyldi sett sérstök reglugerð um framkvæmd þessara mála í landbúnaði og var hún staðfest 9. júní 1981 (nr. 288/1981). Samkvæmt henni var skipuð sérstök 5 manna stjórn til að hafa umsjón með framkvæmd þessara mála í landbúnaði. Í þeirri stjórn eiga sæti:

Þorvarður Brynjólfsson heilsugæslulæknir, formaður
Jónas Jónsson, búnaðarmálastjóri
Hákon Sigurgrímsson, Stéttarsambandi bænda
Hjörtur Eiríksson, stjórn Vinnueftirlitsins
Bolli Thoroddsen, stjórn Vinnueftirlitsins.

Auk stjórnarmanna sitja forstjóri, skrifstofustjóri og starfsmenn sem til eru kvaddir, stjórnarfundi. Síðla árs 1982 varð að samkomulagi milli stjórnar og starfsmanna að þeim síðarnefndu skyldi heimilt að tilnefna 2 fulltrúa til að sitja stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti. Þeir skyldu þó ekki taka þátt í umræðum um mannaáráðningar og önnur málefni einstakra starfsmanna.

Stjórn Vinnueftirlitsins tók strax í upphafi þá ákvörðun að stefnt skyldi að uppbyggingu starfseminnar í áföngum, enda var ljóst að það tæki óhjákvæmilega allmörg ár að koma upp nauðsynlegri aðstöðu og að mennta og þjálfara starfsmenn til að vinna samkvæmt hinum nýju lögum.

Vinnueftirlitið tók við 15 föstum stöðugildum Öryggiseftirlitsins og lausráðnu fólki sem svarar til um 1.5 stöðugilda. Stofnunin fékk 5 nýjar stöður við gildistöku laganna. 1982—1985 fengust 12.33 stöður, þar af 3.33 verkefnabundnar, og eru stöður því nú 32.33.

Mikil áhersla hefur verið lögð á uppbyggingu starfseminnar úti á landsbyggðinni fremur en að reka starfið frá Reykjavík. Í júní 1985 tóku til starfa 2 nýir umdæmiseftirlitsmenn og hefur stofnunin þar með fast starfslíð í öllum 8 umdæmum sínum. Öryggiseftirlit hafði einungis einn fastan starfsmann utan höfuðborgarinnar, þ. e. á Akureyri, en hafði auk þess á sínum snærum allmarga lausráðna aðstoðarmenn í hlutastörfum víða um land.

Til þess að gegna hlutverki sínu er nauðsynlegt fyrir Vinnueftirlitið að hafa yfir umtalsverðum tækjabúnaði að ráða til mælinga á hávaða, mengun í andrúmslofti á vinnustöðum o.fl. þáttum. Árið 1981 tókst að fjármagna kaup á allra nauðsynlegasta búnaði til hávaða- og mengunarmælinga, en lítið hefur orðið um frekari uppbyggingu á þessu sviði vegna fjárskorts.

Frá því í nóvember 1981 hefur starfsemin verið til húsa á tveimur stöðum í Reykjavík, aðalskrifstofan að Síðumúla 13, en eftirlitsdeild að Snorrabraut 54. Þröngt hefur verið um starfsemina og mikið óhagræði fylgt því að starfsemin er ekki öll á sama stað. Nýverið voru fest kaup á nýju húsnæði fyrir stofnunina að Bíldshöfða 16 í Reykjavík. Húsnæðið er samtals 1056 m² og mun starfsaðstaðan gjörbreytast til hins betra með tilkomu þess. Stofnunin mun að öllu leyti standa straum af kostnaði við húsnæðis kaupin með sértekjum sínum.

Utan Reykjavíkur rekur stofnunin 7 skrifstofur í leiguhúsnæði, sbr. kafla 3.2.

Á árinu 1983 var ákveðið að koma á laggirnar sérstakri aðstöðu til að prófa og skoða farandvinnuvélar og tekin á leigu lóð við Sundahöfn í því skyni.

Skipulag stofnunarinnar og hlutverk deilda.

Á skipuriti í fylgiskjali með skýrslunni er sýnd deildaskipting stofnunarinnar. Hér að neðan verður stuttlega fjallað um hlutverk og þróun hverrar deildar fyrir sig.

Deild 1. Almenn skrifstofa. Fræðslustarfsemi.

Verkefni: Almenn skrifstofustörf, starfsmannahald, umsjón með fjármálum, reikninga-skrifir vegna sérverkefna og innheimta þeirra að hluta, afgreiðsla skírteina fyrir stjórnendur farandvinnuvéla, fjölritun og samskipti við prentsmiðjur, umsjón með útgáfu reglna og leiðbeiningarrita, skipulagning og framkvæmd námskeiðshalds fyrir öryggistrúnaðarmenn og -verði, vinnustaðafundir, fyrirlestrar, samskipti við fjölmiðla, ritstjórn Fréttabréfs um vinnuvernd, rekstur bókasafns o.fl.

Starfslíð: Skrifstofustjóri og 3½ starfsmaður á skrifstofu. Fræðslufulltrúi.

Deild 2. Eftirlit.

Verkefni: Eftirlit með því að farið sé að ákvæðum laga nr. 46/1980 og reglugerða og reglna, sem í gildi eru, í fyrirtækjum og starfsgreinum. Beita sér fyrir því að stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja vinni að lausn á vandamálum innan vinnustaðanna sjálfrá og leiðbeina aðilum við slíkt starf. Eftirlit með farandvinnuvélum, lyftum, skíðalyftum, eimkötlum og rafkynntum vatnshitunarkerfum. Þrýstiraunir, þolraunir, mælingar á sprengifimum loftblöndum. Námskeið fyrir stjórnendur minni farandvinnuvéla og notendur naglabyssa. Vinnustaðafundir.

Starfslíð: Deildarstjóri, 9 eftirlitsmenn í Reykjavík fyrir höfuðborgarsvæðið, þar af 6 í almennum fyrirtækjaeftirliti en 3 í farandvinnuvélum og lyftum. 7 umdæmis eftirlitsmenn úti á landi, á Akureyri fyrir Norðurland eystra (fylgdi frá Öryggiseftirlitinu), á Egilsstöðum fyrir Austurland (stofnað 1981 en var fyrsta árið á Reyðarfirði), Akranesi fyrir Vesturland (stofnað 1982), Hveragerði fyrir Suðurland (stofnað 1982), Keflavík fyrir Suðurnes (stofnað 1982), Ísafirði fyrir Vestfirði (stofnað 1985) og Sauðárkróki fyrir Norðurland vestra (stofnað 1985). Umboðsmaður í hlutastarfi í Vestmannaeyjum. Umboðsmenn í hlutastörfum vegna farandvinnuvélaeftirlits og prófdæminga á 10 stöðum á landinu.

Deild 3. Vélbúnaður- og byggingatæknileg málefni.

Verkefni: Sérfræðilegar athuganir á öryggi véla, tækja og mannvirkja. Umsagnir og viðurkenning á einstökum gerðum véla og tækja. Umsagnir vegna breytinga á eldri fyrirtækjum og undirbúningur starfsleyfa vegna nýrra fyrirtækja.

Starfslíð: Deildartæknifræðingur, tæknifulltrúi á vélasviði og tæknifulltrúi á bygginga-sviði.

Deild 4. Hollustuhættir og efnafræðileg málefni.

Verkefni: Sérfræðileg málefni er varða hollustuhætti á vinnustöðum. Umfangsmeiri mælingar á mengun í andrúmslofti, hávaða á vinnustöðum, loftslagsþáttum o.fl. Undirbúningur að kröfum um aðbúnað og hollustuhætti í nýjum fyrirtækjum á sviði orkufreks iðnaðar og efnaiðnaðar.

Starfslið: Deildarefnafræðingur, tæknimaður í 75% starfi við mælingar.

Deild 5. Atvinnusjúkdómar og heilsuvernd starfsmanna.

Verkefni: Framkvæmd XI. kafla laga nr. 46/1980 um heilsuvernd starfsmanna. Að halda skrá yfir atvinnusjúkdóma og vinnuslys. Að framkvæma rannsóknir á atvinnutengdum sjúkdómum. Leiðbeina um málefni sem falla undir svið atvinnulækninga.

Starfslið: Yfirlæknir, hjúkrunarfræðingur (90% starf), sjúkráþjálfari (50% starf) og sjúkráþjálfari í fullu starfi við sérstakt tímabundið verkefni (frá 1985).

Deild 6. Efnafræðileg málefni.

Verkefni: Sérfræðileg málefni er varða öryggi við framleiðslu, geymslu, flutning og meðferð eitrefna og hættulegra efna og sprengiefna. Umfjöllun um undanþáguumsóknir til asbestnotkunar. Umfjöllun um öryggisþætti vegna efnanotkunar við undirbúning nýrra iðnfyrirtækja.

Starfslið: Deildarverkfræðingur.

Fjármál, áætlanagerð.

Samkvæmt lögum nr. 46/1980 greiða vinnuveitendur til Vinnueftirlitsins sérstak iðgjald, svonefnt vinnueftirlitsgjald, sem lagt er á af skattstjórum við álagningu opinberra gjalda og innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs. Iðgjaldastofninn er launagreiðslur fyrirtækjanna. Iðgjaldahlutfallið er ákveðið af félagsmálaráðherra til eins árs í senn að fenginni tillögu stjórnar Vinnueftirlitsins. Samkomulag hefur náðst í stjórninni öll árin 1981—1985 um iðgjaldahlutfallið. Vorið 1984 samþykkti stjórnin að leggja til við félagsmálaráðherra að iðgjaldið yrði ákveðið fast hlutfall til og með árinu 1987, miðað við ákveðnar forsendur um verðlagsþróun. Hlaut þessi tillaga staðfestingu 1984 og 1985 og hafði það í för með sér allnokkra tekjuhækkun sem gerði nokkra aukningu umsvifa mögulega.

Auk iðgjaldsins hefur stofnunin tekjur af ýmsum sérverkefnum, svo sem eftirliti með farandvinnuvélum, lyftum, vatnshitunarkerfum, ýmsum mælingum og prófunum og námskeiðshaldi. Sá rekstur sem byggir á þessum tekjum er færður sem sérstakt viðfangsefni í bókhaldi stofnunarinnar. Tekjur þessar byggjast á gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum forstjóra, en ávallt hefur verið samkomulag við stjórn stofnunarinnar um ákvörðun hennar.

**Tafla 1. Iðgjald atvinnurekenda, tekjur og gjöld
Vinnueftirlitsins 1981—1985 (þús. kr.).**

GJÖLD	1981	1982	1983	1984	1985*
Almenn starfsemi	5 227	7 667	15 049	19 354	30 691
Sérverkefni	590	1 606	2 443	2 993	4 996
Samtals	5 817	9 273	17 492	22 347	35 687

TEKJUR

Iðgjöld vinnuv.	7 086	15 605	24 603	31 506
Gjaldskrá og framlög	1 376	1 689	2 079	5 225
Annað	54	71	201	190
Samtals	6 538	8 516	17 365	26 884
Þar af innheimt	5 368	7 212	14 401	23 550
IÐGJALDSHLUTFALL (%)	0,0896	0,0664	0,0905	0,0905

* Tölur fyrir 1985 eru áætlaðar.

Á árinu 1983 var gerð starfsáætlun fyrir árið 1984 og ákveðið að framvegis skyldi tekin upp áætlanagerð um starfsemina. Jafnframt var ákveðið að stefna að því að taka upp verkefnaskipulag á sem flestum sviðum starfseminnar. Tilgangur þessa er sá að auðvelda forgangsröðun og gera starfið þar með markvissara og að skapa hvetjandi umhverfi fyrir starfsmenn.

Á árinu 1985 hefur verið undirbúið nýtt starfsskipulag fyrir almennt vinnustaðaeftirlit stofnunarinnar, sem taka mun gildi um næstu áramót. Tilgangurinn er sá að skapa betri yfirsýn yfir starfsemina og bæta rekstur þeirra þátta starfseminnar sem ekki verða verkefnabundnir. Enn fremur er þessu skipulagi ætlað að auðvelda samskipti við stjórnendur og starfsmenn á vinnustöðum og samtök launþega og vinnuveitenda alls staðar á landinu.

Árið 1984 var gefin út skýrsla um starfsemina 1981—1983.

3.2. STARFIÐ 1. JAN. 1981—30. SEPT. 1985.

Stjórnarstörf.

Stjórn Vinnueftirlits hélt, frá því hún var skipuð og til 30. september s. l., 67 fundi og tók til umfjöllunar 287 mál.

Stjórnin hefur sér til ráðgjafar 2 fastanefndir:

– Fjárhagsnefnd, fjallar um fjárhagsáætlanir, iðgjöld atvinnurekenda og gjaldskrá fyrir sérþjónustu.

– Fræðslunefnd, fjallar um námskeiðahald, útgáfumál og önnur fræðslumál.

Stjórn Vinnueftirlits í landbúnaði hélt á sama tímabili 11 fundi og tók til umfjöllunar 39 mál.

Ákvörðunum starfsmanna hefur þrívægis verið áfrýjað til stjórnar samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980. Í tveimur tilvikum felldi stjórnin úrskurð sem ekki var áfrýjað áfram til ráðherra, en í einu málinu breyttust forsendur svo að ekki þurfti að koma til úrskurðar.

Samstarf hefur í meginatriðum verið gott í stjórn stofnunarinnar og stjórnarmenn lagt sig fram um að ná samkomulagi í ágreiningsmálum.

Nýjar reglur og reglugerðir.

Lög nr. 46/1980 eru rammalög og veita stjórn Vinnueftirlitsins víðtæka heimild til þess að setja reglur um hina ýmsu þætti vinnuverndarmála. Sú skipan var tekin upp að reglur skyldu hljóta staðfestingu félagsmálaráðuneytisins og birtast í B deild Stjórnartíðinda.

Stjórn Vinnueftirlitsins ákvað strax í upphafi að vandað skyldi til undirbúnings reglna, jafnt nýrra sem þeirra sem byggjast munu á endurskoðun eldri reglugerða. Ekki skyldi stefnt að útgáfu þeirra reglna, sem löggin gera ráð fyrir, strax í upphafi, heldur skyldu reglur settar eftir því sem þörf krefði og afköst við undirbúning leyfðu. Þeir starfshættir voru teknir upp að sérstakar nefndir voru skipaðar til að undirbúa meiriháttar reglur. Stjórnin tilnefni

formann, en samtök aðila vinnumarkaðarins aðra nefndarmenn í flestum tilvikum. Umfangsminni reglur eru undirbúnar af starfsmönnum Vinnueftirlitsins í samráði við hagsmunaaðila og sérfræðinga eða opinberar stofnanir sem málið varðar.

Við undirbúning reglna sem fyrirjácnalegt er að hafa myndu í för með sér verulegan tilkostnað hefur stjórnin haft það að leiðarljósi að markmiðum laga nr. 46/1980 verði náð með sem minnstum kostnaði fyrir þjóðfélagið í heild. Sem dæmi um slík vinnubrögð má taka undirbúning nýsettra reglna um hávaðavarnir og heyrnareftirlit.

Eftirtaldar reglur og reglugerðir hafa verið afgreiddar af stjórninni fram til þessa:

- Reglur um gerð, notkun og varðveislu eftirlitsbóka fyrirtækja og þeirra gagna er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Reglur nr. 77/1982 um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.
- Reglur nr. 75/1983 um asbest (sbr. einnig reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 74/1983).
- Reglur nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum.
- Reglur um dráttarvélar og öryggisbúnað við aflflutning frá þeim (hafa ekki hlotið staðfestingu).
- Reglur um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna.
- Reglur um tóbaksvarnir á vinnustöðum (tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins samkv. lögum um tóbaksvarnir nr. 74/1984).
- Reglur um naglabyssur.
- Reglur um heftibyssur.

Eftirtaldar reglur og reglugerðir eru í undirbúningi:

- Reglugerð um framkvæmd laga nr. 46/1980 ásamt starfsreglum fyrir Vinnueftirlit ríkisins.
- Reglur um öryggisbúnað véla.
- Reglur um húsnæði vinnustaða (endurskoðun).
- Reglur um loftþjöppubúnað og hylki undir samþjappaðar lofttegundir.
- Reglur um heilbrigðis- og öryggisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum (endurskoðun).
- Reglur um persónuhlífar.
- Reglur um skráningu og eftirlit með farandvinnuvélum.
- Reglur um skíðalyftur.
- Reglur um starfsleyfisveitingar.
- Reglur um heilsuvernd starfsmanna (læknisskoðun o. fl.).
- Reglur um öryggisráðstafanir við kvikmyndasýningar (endurskoðun).

Auk þessa hafa Vinnueftirlitinu verið falin verkefni með reglugerðum sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gefur út á grundvelli laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og í undirbúningi er reglugerð um sprengiefni á vegum dómsmálaráðuneytisins sem m.a. kveður á um hlutverk Vinnueftirlitsins í þeim málum.

Upplýsinga- og fræðslustörf.

Samkvæmt lögum nr. 46/1980 eru upplýsinga- og fræðslustörf meðal mikilvægustu verkefna Vinnueftirlitsins. Síðla árs 1982 samþykkti stjórnin sérstaka stefnumótun í upplýsinga- og fræðslumálum sem m.a. gerir ráð fyrir eftirfarandi:

- Almennri fræðslustarfsemi skal beint að öryggistrúnaðarmönnum og -vörðum, öryggisfulltrúum, fulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, tæknihönnuðum, ráðgjöfum, framleiðendum og innflytjendum véla, efna o.fl. auk vinnuveitenda, verkstjóra og hins almenna starfsmanns á vinnustöðum.

- Gefin verði út vönduð leiðbeiningarit, til þess ætluð að koma að beinum notum við undirbúning og framkvæmd úrbóta á vinnustöðum.
- Haldið verði uppi víðtæku námskeiðshaldi fyrir öryggistrúnaðarmenn og -verði um allt land.
- Hafin verði útgáfa fréttabréfs um vinnuvernd.
- Fræðsla til vinnuveitenda og starfsmanna fari einkum fram með almennum áróðri í fjölmiðlum, veggspjöldum á vinnustöðum og vinnustaðafundum þar sem m.a. verði sýnd myndbönd og kvikmyndir.

Eitt fyrsta verkefnið var að skipuleggja og hrinda af stað námskeiðshaldi fyrir öryggistrúnaðarmenn og -verði. Námskeiðin standa yfir í 2—3 daga og fær hver þátttakandi skrifleg námskeiðsgögn um hin ýmsu málefni. Um er að ræða grunnnámskeið sem eru sameiginleg fyrir fólk úr öllum starfsgreinum eða sérstaklega sniðin fyrir ákvednar greinar í samráði við vinnuveitendur og stéttarfélag.

Fram til þessa hafa verið gefin út eftirtalin leiðbeiningarit af Vinuettirlitinu og fleiri eru í undirbúningi:

- Drifsköft og hlífabúnaður þeirra (dreift til bænda).
- Spurningablað um áhættuþætti í landbúnaði.
- Varúð — asbest.
- Loftræsting.
- Vinna við tölvuskjái.
- Jarðgangagerð.
- Hávaðavarnir, lögmál og leiðbeiningar (bók, 140 bls.)
- Á vinnustað, kennslubæklingur fyrir 9. bekk grunnskóla, gefinn út í samvinnu við Námsgagnastofnun.

Haustið 1984 hóf stofnunin útgáfu Fréttabréfs um VINNUVERND og hafa komið út af því 5 tölublöð. Stefnt er að reglubundinni útkomu 4 tölublaða árlega. Fréttabréfinu er dreift ókeypis í 2500 eintökum.

Gefin hafa verið út eftirtalin 3 veggspjöld og dreift á vinnustaði:

- „Öryggi er mál okkar allra“.
- „Gott starfsumhverfi ræður miklu um líðan þína og heilsu .
- „Heyrnartjón er ólæknandi“.

Bryn þörf er á útgáfu margs konar leiðbeiningar- og fræðsluefnis, en naum fjárráð takmarka útgáfuna.

Við gildistöku reglna nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum komst sú skipan á að til að öðlast réttindi á stærri vélar þarf að ljúka mun umfangsmeira námi en áður. Sér Iðntæknistofnun um framkvæmd námskeiðshaldsins í samráði við hagsmunaaðila og Vinnuettirlitið.

Vinnuettirlitið annast hins vegar námskeiðshald fyrir stjórnendur lyftara og annarra lítilla vinnuvéla (1 dags námskeið) og fyrir stjórnendur byggingakrana (2 daga námskeið).

Námskeið um meðferð og notkun sprengiefna eru haldin 1 — 2svar á ári með aðstoð sérfræðinga frá norska fyrirtækinu Dyno Industries A/S og umboðsaðila þess hér á landi, Ólafi Gíslasyni & Co. Námskeiðin eru vikulöng og standist þátttakendur próf að þeim loknum og hljóti þeir jákvæða umsögn prófdómara á vegum stofnunarinnar um verklega kunnáttu, fá þeir meðmæli um næga þekkingu á þessu sviði. Slík meðmæli eru forsenda sprengiefnaleysis sem lögreglustjórar veita.

Auk ofanritaðs leggur Vinnuettirlitið til kennara á fjölda námskeiða á vegum annarra aðila, svo sem námskeiða fyrir trúnaðarmenn, verkstjórnarfræðslu, meistaraskóla, lögregluskóla o.fl.

Tafla 2. Tölulegar upplýsingar um námskeiðahald.

Námskeið	1981	1982	1983	1984	1985*
Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og -verði.	2/48	5/121	15/363	2/51	1/26
Frumnámskeið fyrir stjórnendur vinnuv.	24/746	22/573	23/786	27/464	21/512
Námskeið í notkun sprengiefna.	1/36	2/73	0/0	1/35	1/35
Námskeið í notkun naglabýssa.	/157	/198	/141	/38	/49

* Til 30. 09. 1985.

Eftirlitsstörf.

Skipulegu vinnustaðaeftirliti hefur verið haldið uppi hér á landi allt frá árinu 1929. Við gildistöku laga nr. 46/1980 og stofnun Vinnueftirlitsins varð nokkur breyting á eftirlitsstörfum í fyrirtækjum, sem m.a. einkennast af eftirfarandi:

- Leitast er við að koma á laggirnar innra starfi í fyrirtækjunum.
- Ítarlegri skoðanir eru framkvæmdar og fleiri þættir teknir fyrir.
- Gerð er í sérstökum tilvikum ítarleg úttekt á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í einstökum starfsgreinum og stórum fyrirtækjum.

Í kjölfar þeirrar kynningar, sem átti sér stað á þessum málum við setningu og gildistöku hinna nýju laga, fjölgaði mjög kvörtunum um vanbúnað á vinnustöðum og beiðnum um eftirlit. Þetta orsakaði erfiðleika við að halda uppi reglubundnu eftirliti eins og að var stefnt.

Eftirlit með farandvinnuvélum, fólkslyftum og skíðalyftum hefur verið með svipuðum hætti og var hjá Öryggiseftirlitinu. Ákveðið var á árinu 1983 að taka ýmsa þætti farandvinnuvélaeftirlitsins til endurskoðunar. Stóraukin notkun á skíðalyftum, þ. á m. stólalyftum, kallar á aukið eftirlit stofnunarinnar. Í undirbúningi er að setja reglur og/eða gefa út leiðbeiningar um öryggisráðstafanir og eftirlit með skíðalyftum.

Sérstakt átak var gert í eftirliti með rafhituðum vatnshitunarkerfum á árunum 1982 og 1983 og hafði tæknideild stofnunarinnar umsjón með því.

Eftirlit og annað fyrirbyggjandi starf í landbúnaði hófst á árinu 1983. Hafði tæknideild umsjón með skipulagningu þess. Hér er um mjög vandasamt og tímafrekt eftirlit að ræða, en ákveðið var að ekki skyldu ráðnir til þess sérstakir starfsmenn, heldur skyldi það falið umdæmisefirlitsmönnum stofnunarinnar. Lögð var áhersla á að kynna bændum þessi mál rækilega og var þeim sent dreifibréf og bæklingar um öryggisráðstafanir og hollustuhætti á vinnustöðum sínum samtímis því að eftirlitið hófst. Reynslan af þessu eftirliti er góð fram til þessa. Bændur hafa tekið starfsmönnum stofnunarinnar mjög vel og ýmislegt bendir til þess að árvekni þeirra í þessum málum hafi aukist. Þannig benti könnun sem gerð var haustið 1984 til þess að sala á drifskafthlífum hafi rúmlega þrefaldast það sumar frá því sem áður var, en hlífar þessar vilja skemmast og hefur það oft valdið hörmulegum slysum.

Tafla 3. Eftirlitsstarfið, yfirlit.

	1981	1982	1983	1984
Heimsótt fyrirtæki:				
á höfuðborgarsvæðinu	625	683	536	573
utan höfuðborgarsv.	598	692	984	909
samtals	1 223	1 375	1 520	1 482

Skoðuð bændabýli			302	280
Skoðaðar farandvinnuv.	1 444	2 110	2 597	2 367
Skoðaðar fólkslyftur	457	489	491	483
Skoðuð vatnshitunark.	21	1 442	1 209	181
Endursk. fyrirtæki	252	268	259	127
Endursk. farandv.	116	132	201	95
Fyrirm. og ábendingar um aðbúnað		929	1 186	1 406
um hollustuhætti		1 136	1 454	1 366
um öryggi		3 021	3 787	4 376
samtals	3 176	5 086	6 427	7 148
Lokanir	21	32	28	112*
Vinnustaðafundir	63	60	75	90
Gasmælingar	103	111	148	109
Þrýstiraunir	47	27	29	25
Þolraunir	168	196	214	259

* Innsiglisáðgerðir og skriflegt bann við notkun.

Tæknimál, starfsleyfi o.fl.

Ekki eru í gildi hér á landi almenn ákvæði í lögum eða reglugerðum um viðurkenningar-skyldu á vélum og tækjum, en ákvæði eru um að slíkur búnaður skuli vera í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og fyrirmæli Vinnueftirlitsins hvað varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. 46. gr. laga nr. 46/1980. Allmargar gerðir véla koma engu að síður til umfjöllunar Vinnueftirlitsins sem m.a. byggir umsögn sína á prófunargögnum frá nágranna-löndunum. Viðurkenningar- eða tilkynningarskylda nær þó til naglabýssa, eimkatla, kæli- og frystikerfa, rafkyntra vatnshitunarkerfa og lyftna. Í nokkrum tilvikum hafa endurtekin slys við sömu tegund vélar leitt til kröfu Vinnueftirlitsins á hendur framleiðanda um breytingar á öryggisbúnaði eða jafnvel innköllun eða bann við notkun.

Í 29. og 30. gr. laga nr. 46/1980 eru lagðar skyldur á framleiðendur og innflytjendur véla og tækja um merkingu og leiðbeiningar á íslensku. Nokkuð hefur þokast í rétta átt í þessum málum en mikið skortir enn á að þessi ákvæði séu komin til framkvæmda. Gert er ráð fyrir að með fyrirhuguðum reglum um öryggisbúnað véla verði tekið mun fastar á þessum málum en áður.

Umsagnir um fyrirhugaðar breytingar á eldri fyrirtækjum og starfsleyfa vegna nýrra fyrirtækja hófst fyrst að ráði á árinu 1982. Í byrjun árs 1983 samþykkti stjórn stofnunarinnar að litið skyldi svo á að öll fyrirtæki og stofnanir, sem starfandi voru við gildistöku laga nr. 46/1980 og ekki höfðu gerst brotleg við tilkynningaskyldu samkvæmt eldri lögum, hefðu starfsleyfi Vinnueftirlitsins.

Tafla 4. Afgreiðsla á sviði tæknimála.	1981	1982	1983	1984
Umsagnir um nýja gerðir véla og tækja	17	33	40	23
Umsagnir um nýja eimkatla og þrýstibúnað	29	28	21	17
Sérstakar aðgerðir vegna véla og tækja	8	4	7	13
Starfsl. og umsagnir v. nýrra og br. vinnustaða	13	35	83	88
Umsagnir v. lána til að bæta aðbúnað	0	50	27	26

Hollustuhættir og efnafræðileg málefni.

Á undanförunum 10—15 árum hefur orðið ör þróun í mælitækni á þessu sviði sem gert hefur mögulegt að mæla og meta á hagkvæmari hátt ýmsa hættuþætti og nákvæmar en áður. Eins og áður greinir hefur tekist að afla nokkurs tækjabúnaðar til mengunar- og hávaðamælinga, en mikið skortir á að Vinnueftirlitið sé nægjanlega tækjum búið. Starfsmenn hollustuháttadeildar hafa hlotið þjálfun og tilsögn hjá erlendum stofnunum.

Þegar á árinu 1981 hóf stofnunin úttekt á hávaðamengun í fyrirtækjum og ná þær til mælinga á þeim hávaða sem starfsmenn verða fyrir, staðbundnum hávaða, hávaðaútbreiðslu og endurkasti í byggingum. Markmiðið er að á grundvelli niðurstöðunnar sé hægt að fara nærri um hagkvæmstu leiðir til úrbóta. Mælingar þessar hafa staðfest að heilsuspillandi hávaði er í dag mikið vandamál á íslenskum vinnustöðum og mikið verk óunnið við úrbætur á þessu sviði, sbr. enn fremur kafla 3.3 um tilkynnta atvinnusjúkdóma.

Ítarlegar mengunarmælingar hafa verið gerðar í Járblendiverksmiðjunni á Grundartanga og Alverinu í Straumsvík. Eftirlitsmælingar hafa einnig verið gerðar í Kísiliðjunni við Mývatn og nokkrum öðrum fyrirtækjum.

Á árinu 1983 tók stofnunin að sér að gera úttekt á mengun í andrúmslofti starfsmanna í kísilgúrverksmiðju í Kenya og leiðbeina þarlandum yfirvöldum um framkvæmd slíkra mælinga og fleiri þætti vinnuverndar. Verkefnið var unnið fyrir utanríkisráðuneytið.

Síðla árs 1983 tóku gildi reglur sem banna notkun asbests á Íslandi nema í sérstökum undantekningatilvikum með leyfi Vinnueftirlitsins. Í tengslum við gildistöku reglnanna var gerð úttekt á asbestmeðferð við hemlaviðgerðir og sérstök kynning fór fram á reglunum.

Haustið 1984 ákvað stjórn stofnunarinnar að aðgerðir til að koma í veg fyrir heilsutjón af völdum lífrænna leysiefna skyldi verða forgangsverkefni hjá stofnuninni. Víða í nágrannalöndunum hefur komið í ljós að starfsmenn sem anda að sér slíkri mengun geta smám saman orðið fyrir alvarlegum heilaskemmdum, en könnun hefur ekki farið fram á slíku hérlandis. Hér er um mjög viðamikil verkefni að ræða sem standa mun yfir í nokkur ár.

Tafla 5. Tölulegar upplýsingar um starfsemi varðandi hollustuhætti og efnafræðileg málefni.

	1981	1982	1983	1984
Fjöldi hávaðaúttekta	32	20	22	22
Fjöldi mengunarúttekta	2	1	6	2
Leyfisveitingar vegna asbestnotkunar			6	7
Sérstakar afgreiðslur vegna hættulegra efna	12	12	28	23

Atvinnusjúkdómar og heilsuvernd.

Frá því Vinnueftirlitið tók til starfa hefur verið unnið að uppbyggingu þessarar starfsemi, en flestir þættir hennar eru nýmæli hér á landi.

Unnið hefur verið að undirbúningi framkvæmdar á XI. kafla laga nr. 46/1980 sem fjallar um heilsuvernd, læknisskóðanir og aðrar rannsóknir. Gert er ráð fyrir að heilsugæslustöðvar sinni þessu hlutverki og hafa ákvæði þar að lútandi verið tekin upp í lög um heilbrigðisþjónustu og reglugerð um heilsugæslustöðvar. Í nágrannalöndunum er hins vegar gert ráð fyrir að sérstök heilsugæsla á vegum fyrirtækja og atvinnugreina annist þetta verkefni. Hér er um geysiviðamikil mál að ræða og hefur hægt miðað undirbúningi þess. Fyrirkomulag sem í meginatriðum samræmist lögnum hefur nú einungis komist á í 4 stærri iðnfyrirtækjum.

Hafnar voru rannsóknir á tíðni atvinnusjúkdóma og dánarmeinum meðal einstakra starfstétta og komið upp aðstöðu í þessu skyni (tölvuforrit o.fl.). Stefnt er að samvinnu við

aðra aðila um slíkar rannsóknir í samræmi við lög nr. 46/1980, en ljóst er að Vinnueftirlitið verður í flestum tilvikum að hafa frumkvæði og annast rannsóknirnar að verulegu leyti. Eftirtaldar rannsóknir hafa verið framkvæmdar eða eru í gangi:

- Tíðni illkynja mesotelioma á Íslandi (krabbamein í brjóst- eða lífhimnu sem talið er tengjast innöndun asbestryks).
- Dánarmein og nýgengni krabbameins meðal vélstjóra.
- Dánarmein múrara.
- Húðofnæmi meðal múrara.
- Rannsókn gagna um vinnuslys sem komu til meðhöndlunar á Borgarspítalanum 1983 (Unnið í samvinnu við Hauk Kristjánsson, fyrrverandi yfirlækni slysadeildar, og Borgarspítalann).
- Einkenni frá stoð- og hreyfikerfi meðal fiskvinnslufólks (í undirbúningi).

Leiðbeiningastarf er hafið á sviði iðjufræði („ergonomi“), sem fjallar um líkamsbeitingu við vinnu, vinnustellingar o.fl.

Innri starfsemi í fyrirtækjum. Öryggisnefndir sérgreina.

Annað meginmarkmið laga nr. 46/1980 er að gera mönnum kleift að leysa vandamál á sviði vinnuverndar innan fyrirtækjanna sjálfra. Í II. kafla laganna eru sérstök ákvæði um þetta starf og á árinu 1982 voru settar nánari reglur um tilhögun þess. Það er mat nefndarinnar að þegar á heildina er litið hafi gengið fremur treglega að koma þessu starfi á. Dæmi eru þó um einstaka fyrirtæki þar sem slíkt starf er all öflugt.

Það fyrirkomulag öryggistrúnaðarmanna, -varða og -nefnda sem lögin kveða á um hefur verið sett á laggirnar í allmörgum fyrirtækjum og samtals hafa 609 sótt námskeið Vinnueftirlitsins fyrir þessa aðila eins og áður greinir. Algengt er hins vegar að starfið leggist niður vegna þess að menn skipta um vinnu og einnig að menn eru ekki virkir í þessu starfi. Þessi þróun kemur í sjálfu sér ekki á óvart að mati Vinnueftirlitsins þar sem ljóst er að til þess að þetta starf verði öflugt þarf að koma til hugarfarsbreyting úti á vinnustöðunum og gera þarf menn betur í stakk búna til að leysa viðfangsefni á þessu sviði með stórauðinni fræðslu og leiðbeiningum. Á hinum Norðurlöndunum hefur verið byggt upp all öflugt innra starf í fyrirtækjum, en fjölmörg ár tók að koma því á laggirnar og gera það virkt.

Ekki er til nákvæm skrá yfir öryggistrúnaðarmenn og -verði en í lok september s. l. er talið að fjöldi þessarar aðila hafi verið nálægt því sem að neðan greinir:

Öryggistrúnaðarmenn: 635

Öryggisverðir: 395

Í III. kafla laga nr. 46/1980 er fjallað um öryggisnefndir sérgreina. Kunnugt er að nefndir hafi starfað í eftirtöldum greinum:

- Iðnaði.
- Málmiðnaði.
- Prentiðnaði.
- Byggingariðnaði (bráðabirgðanefnd).

Nefndirnar hafa verið lítið virkar nema nefndin í prentiðnaði sem staðið hefur fyrir útgáfustarfsemi og námskeiðshaldi. Til athugunar hefur verið að marka stafi þeirra skýrari ramma með reglum eða á annan hátt.

Ákvæði um hvíldartíma og frídaga og vinnu barna og unglunga.

Í IX. kafla laga nr. 46/1980 er fjallað um hvíldartíma og frídaga. Kveðið er á um að aðilar vinnu markaðarins geri með sér samkomulag um framkvæmd nauðsynlegra frávika og var bráðabirgðasamkomulag gert í apríl 1981 og hefur það verið í gildi síðan. Ljóst er að þessi lagaákvæði hafa ekki komist til framkvæmda að öllu leyti. Það er einkum við

vertíðabundna starfsemi, þar sem vaktavinnu verður ekki við komið, sem víkja þarf frá meginákvæðunum.

Til afgreiðslu hafa komið erindi vegna hvíldartíma og frídaga eins og að neðan greinir:

1981: Samþykkt fyrirkomulag: 14, frávik: 6

1982: Samþykkt fyrirkomulag: 3, frávik: 1

1983: Umsagnir: 2

1984: Umsagnir: 4

Um vinnu barna og unglunga er fjallað í X. kafla laganna. Vinnueftirlitið hefur lítil bein afskipti haft af slíkum málum, en beitt sér fyrir framkvæmd þessara ákvæða með tilkynningum til vinnuveitenda í fjölmiðlum og með því að fjalla um þau á námskeiðum fyrir öryggistrúnaðarmenn og -verði og á verkstjórnarnámskeiðum.

3.3. VINNUSLYS OG ATVINNUSJÚKDÓMAR.

Vinnuslys.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 46/1980 ber vinnuveitanda að tilkynna lögreglu og Vinnueftirlitinu um vinnuslys og eitranir sem fyrir koma. Vinnueftirlitið framkvæmir rannsóknir á orsökum slyssins og tekur afstöðu til þess hvaða öryggisráðstafanir beri að gera til að koma í veg fyrir slík slys.

Ljóst er að mikill fjöldi vinnuslysa er ekki tilkynntur Vinnueftirlitinu eins og fram kemur við samanburð á töflum 6 og 8. Mörg þeirra slysa sem ekki eru tilkynnt eru smávægileg, en þó má telja fullvíst að fjölmörg meiriháttar slys séu ekki tilkynnt stofnuninni.

Upplýsingar um dauðaslys eru áreiðanlegri, en ekki eru talin með bifreiðaslys þó aksturinn hafi verið vinna hins látna. Eins og sjá má í töflu 7 er fjöldi dauðaslysa mjög misjafn milli ára.

Brýnt er að skráning vinnuslysa verði bætt og rannsóknir á tíðni slysa við hin mismunandi störf verði efldar með það fyrir augum að gera fyrirbyggjandi starf markvissara. Rannsókn sú sem áður er greint frá á vinnuslysum sem til meðhöndlunar komu á Slysadeild Borgarspítalans 1983 er liður í þessu.

Tafla 6. Tilkynnt vinnuslys eftir atvinnugreinum.

	1981	1982	1983	1984
Fiskiðnaður	20	30	37	31
Matvæla- og fódurv. iðnaður	14	20	28	11
Vefnaðar- og fataiðnaður	19	15	17	6
Prentiðnaður	2	2	0	7
Trésmíðaiðnaður	29	21	22	28
Skinnaiðnaður	1	0	3	0
Stein-, leir- og gleriðn.	2	9	3	4
Málmiðnaður	41	37	64	37
Efnaiðnaður	1	4	7	12
Byggingariðnaður	36	33	47	48
Flutninga- og birgðastafs.	47	58	57	49
Rafmagnsiðnaður	5	7	14	2
Þjónustugreinar	9	9	31	92
Landbúnaður	4	5	4	6
Aðrar atvinnugreinar	5	4	6	14
Samtals	235	254	340	347

Tafla 7. Tilkynt dauðaslys við vinnu eftir atvinnugreinum.

	1981	1982	1983	1984
Fiskiðnaður	1	1		1
Byggingariðnaður	3	2		2
Flutninga- og birgðast.	2	1	1	1
Landbúnaður	2	2		1
Samtals	8	6	1	5

Tafla 8. Fjöldi slasaðra sem komu til meðferðar á slysadeild Borgarspítalans vegna slysa sem flokkuð voru sem vinnuslys, annarra en slysa á sjó.

	1981	1982	1983	1984
Allar atvinnugreinar	5 654	6 145	5 763	6 060

Vinnueftirlitið veitir ákærvaldinu, dómstólum og aðilum að skaðabótamálum umsagnar um vinnuslys. Fjöldi slíkra umsagna hefur verið eins og að neðan greinir:

- 1981: 14
- 1982: 13
- 1983: 29
- 1984: 58
- 1985: 49 (til 30/9)

Atvinnusjúkdómar.

Samkvæmt reglum um tilkynningu atvinnusjúkdóma frá 1956 skal lækni tilkynna slíka sjúkdóma til Vinnueftirlits ríkisins og landlæknis. Margt bendir hins vegar til þess að verulegur misbrestur sé á því að tilkynningar séu sendar um slíka sjúkdóma.

Í töflu 9 er að finna yfirlit yfir tilkynnta meinta atvinnusjúkdóma 1981—1985. Athygli vekur mikill fjöldi tilkynninga um heyrnarskemmdir vegna hávaða við vinnu eða samtals 1686 tilkynningar. Tilkynningar þessar eru allar frá Heyrnar- og talmeinstöð Íslands. Ljóst er að úrbætur í þessum málum eru eitt brýnasta verkefnið á sviði vinnuverndar hérlendis. Eins og fram hefur komið voru nýlega samþykktar nýjar reglur um hávaðavarnir og heyrnareftirlit og gefin hefur verið út leiðbeiningabók um framkvæmd hávaðavarna.

Tafla 9. Tilkyntir meintir atvinnusjúkdómar eftir sjúkdómsflokkum.

	1981	1982	1983	1984
Sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum	3	1	0	2
Sjúkdómar í öndunarferum	35	17	14	18
Sjúkdómar í húð/húðnetju	11	11	8	3
Sjúkdómar í beinum, vöðvum og tengivef	14	8	0	2
Annað				1
Áverkar og eitranir	4	2	1	4

Samtals aðrir sjúkdómar en heyrnartap	67	39	23	30
Heyrnartap	354	285	470	577
Samtals	421	324	493	607

Tilkynningum um atvinnusjúkdóma, aðra en heyrnarskerðingu, fækkar eftir 1981. Líkleg skýring á þessu er að á árinu 1981 var gert sérstakt átak til að bæta framkvæmd tilkynninga.

3.4. LÁNVEITINGAR TIL FYRIRTÆKJA.

Samkvæmt 4. tölul. bráðabirgðaákvæða l. nr. 46/1980 skal árlega í 5 ár frá gildistöku laganna lána fyrirtækjum, sem þá voru starfandi, fé til þess að framkvæma úrbætur á starfsumhverfi, 500 milljónir kr. (gamlar krónur) m. v. verðlag 1. janúar 1979. Færð til verðlags í október 1985 m. v. byggingavísitölu svarar þessi upphæð til 66 milljóna kr.

I lögunum er gert ráð fyrir að Seðlabankinn annast útvegum fjármagns í þessu skyni, en samkomulag varð um að Framkvæmdastofnun ríkisins tæki að sér það hlutverk og hefur Bygðasjóður annast lánveitinguna. Mat á lánshæfni umsækjenda og eftirlit með því að lánin séu notuð eins og til er ætlast er hins vegar á höndum Vinnueftirlitsins, en endanlegar tillögur um lánveitingar til einstakra fyrirtækja eru gerðar af sérstakri nefnd sem félagsmálaráðherra skipar og í eiga sæti fulltrúar aðila vinnumarkaðarins auk stjórnarformanns og forstjóra Vinnueftirlitsins. Við ákvörðun um tillögur nefndarinnar er notuð einkunnagjöf sem gefur til kynna mikilvægi framkvæmdar frá vinnuverndarsjónarmiði.

Lánveitingar hófust á árinu 1982 og voru 10 milljónir kr. til ráðstöfunar hvort ár sem er verulega lægri upphæð en lögin gerðu ráð fyrir. Lánin eru til 5 ára, gengistryggð í þýskum mörkum.

Tafla 10. Lánveitingar til fyrirtækja eftir landshlutum (fjöldi umsókna og lánveitinga og lánsupphæðir í þús. kr.)

		1981	1982	1983	1984	1985
Höfuðborgarsv.	umsóknir		11	7	2	4
	veitt lán		7	7	2	4
	lánsupphæð		2 980	3 200	1 200	4 400
Vesturland	umsóknir		1	4	3	3
	veitt lán		1	4	3	3
	lánsupphæð		1 300	1 600	2 050	3 500
Vestfirðir	umsóknir		2	1	1	1
	veitt lán		0	1	1	1
	lánsupphæð		0	700	1 200	500
Norðurland v.	umsóknir		4	0	6	0
	veitt lán		3	0	5	0
	lánsupphæð		480	0	5 400	0
Norðurland e.	umsóknir		10	4	6	2
	veitt lán		4	3	4	1
	lánsupphæð		2 815	1 550	1 320	250

Austurland	umsóknir	6	3	1	3
	veitt lán	2	3	0	3
	lánsupphæð	275	1 200	0	1 850
Suðurland	umsóknir	10	6	4	1
	veitt lán	5	5	4	0
	lánsupphæð	728	940	2 250	0
Suðurnes	umsóknir	6	2	3	1
	veitt lán	3	2	2	1
	lánsupphæð	1 430	1 000	1 075	3 500
Samtals	umsóknir	50	27	26	15
	veitt lán	25	28	21	130
	lánsupphæð	10 008	10 190	14 495	14 000

Tafla 11. Lánveitingar til fyrirtækja eftir eðli framkvæmda. (Ath. sama fyrirtæki getur verið með fleiri en eina framkvæmd).

Eðli framkvæmdar	Fjöldi framkvæmda				
	1981	1982	1983	1984	1985
Endurb. á vinnuaðstöðu eða aðbúnaði með nýbyggingu		1	7	5	2
Endurbætur á starfsmannarými í eldra húsnæði	18		19	12	6
Endurbætur á vinnuaðstöðu í eldra húsnæði	5		8	2	3
Endurb. á tækjabúnaði m.t.t. vinnuverndar	4		1	5	0
Endurb. á loftræstingu	15		11	10	7
Aðgerðir til að draga úr hávaða	4		2	1	0

3.5. RÁÐSTEFNUR OG ERLEND SAMSKIPTI.

Ráðstefnur á Íslandi.

12.—15. september 1982 var haldið í Reykjavík 31. norræna þingið um hollustuhætti á vinnustöðum og sóttu það 157 fulltrúar. Þing þessi eru haldin árlega til skiptis á Norðurlöndunum, en hafa þó ekki áður verið haldin hérlendis. Norræna ráðherranefndin styrkir þinghaldið fjárhagslega.

11. og 12. nóvember 1982 var haldin í Reykjavík ráðstefna um vinnuvernd og voru skráðir þátttakendur 218, flestir fulltrúar samtaka á vinnumarkaðnum. Fulltrúar þingflokka fluttu ávarp á ráðstefnunni.

Norrænt samstarf.

Öflugt norrænt samstarf um vinnuvernd fer fram, bæði á grundvelli samstarfsáætlunar Norðurlanda („Nordisk samarbeidsprogram på arbejdsmiljøområdet“) og beint milli einstakra stofnana.

Formlegt samstarf á grundvelli samstarfsáætlunarinnar, sem félagsmálaráðuneytið og Vinnueftirlitið taka þátt í, er í grófum dráttum sem hér segir:

- Ráðherrafundur um vinnuvernd eru haldnir u.þ.b. annað hvert ár.
- Embættismannanefndin um vinnuvernd gerir tillögur til norrænu ráðherranefndarinnar um samstarfsverkefni og ráðstöfun fjármuna til vinnuverndar á fjárlögum ráðherranefndarinnar. Fulltrúar Íslands í nefndinni eru Hallgrímur Dalberg, ráðuneytissjóri, og Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri.
- Starfsnefndin um rannsóknir fjallar um rannsóknarverkefni og gerir tillögur til embættismannanefndarinnar. Fulltrúi Íslands er Dr. Vilhjálmur Rafnsson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins.
- Vinnunefndin um eftirlitsmálefni fjallar um samræmingu reglugerða, upplýsingamiðlun o.fl. og gerir tillögur til embættismannanefndarinnar. Fulltrúi Íslands er Sigurður Þórarinnsson, deildarstjóri eftirlitsdeildar Vinnueftirlitsins.
- Stjórn norrænu fræðslustofnunarinnar á sviði vinnuverndar. Fulltrúi Íslands er Dr. Vilhjálmur Rafnsson, yfirlæknir. Stofnunin tók til starfa 1982 og hefur aðsetur í Helsingfors. Hún heldur vönduð námskeið fyrir sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum vinnuverndar.
- Verkefnanefndir annast framkvæmd samstarfsverkefna eða fara með stjórn þeirra. Helstu verkefni sem Vinnueftirlitið tók þátt í á tímabilinu eru (nafn fulltrúa í sviga):
 - Sérfræðinganefndin um mengunarmörk fyrir hættuleg efni í andrúmslofti á vinnustöðum (Dr. Þorkell Jóhannesson, prófessor).
 - Skipulagning rannsókna á efnahagslegum áhrifum vinnuverndarstarfs (Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri/Guðjón Jónsson, deildarverkfræðingur).
 - Skipulagning þinga um hollustuhætti á vinnustöðum (Víðir Kristjánsson, deildarverkfræðingur).
 - Rannsóknir á fósturskemmdum vegna áhættuþátta á vinnustöðum (Dr. Vilhjálmur Rafnsson, yfirlæknir).
 - Upplýsingamiðlun á sviði vinnuverndar (Víðir Kristjánsson, deildarefnafræðingur).
 - Samræming vinnuverndarákvæða um ýmis málefni, svo sem eimkatla og geyma, landbúnaðarstörf, krabbameinsvaldandi efni, hávaðavarnir, viðurkenningu og prófun persónuhlífa (ýmsir starfsmenn Vinnueftirlitsins).

Auk þessa er um ýmiss konar samstarf milli vinnuverndarstofnana á Norðurlöndunum að ræða, svo sem ráðstefnur vinnueftirlitanna annað hvert ár, samráðsfundi forstjóra o.fl. Að hvað mestu gagni hefur þó komið ýmiss konar bein aðstoð systurstofnana við Vinnueftirlitið, svo sem vandasamar greiningar á sýnum (asbest, kísilsýrurýk o. fl.) við vægu verði, aðstoð við þjálfun starfsmanna og ýmiss konar leiðbeiningar og upplýsingar um einstök málefni.

4. NIÐURSTÖÐUR NEFNDARINNAR.

4.1. LÖG NR. 46/1980 UM AÐBÚNAÐ, HOLLUSTUHÆTTI OG ÖRYGGI Á VINNUSTÖÐUM.

Meginniðurstaða nefndarinnar.

Meginniðurstaða nefndarinnar er sú að ekki sé ástæða til að breyta ákvæðum laganna enn sem komið er og leggur hún til að endurskoðun þeirra verði frestað um 5 ár og 5. t.l. bráðabirgðaákvæðis þeirra breytt í samræmi við það. Meginástæður þessarar niðurstöðu eru eftirfarandi:

- Samstaða er í nefndinni um markmið laganna eins og þeim er lýst í 1. gr. þeirra.
- Ábyrgt samstarf hefur verið með aðilum vinnumarkaðarins og ríkisvaldinu í stjórn Vinnueftirlits ríkisins um framkvæmd laganna.
- Nefndin telur það stjórnarfarslega fyrirkomulag sem nú er á þessum málum heppilegt og leiða til lítillar skörunar við aðra málaflokka. Eðlilegt sé að öll málefni sem löggjöf fjallar um á sviði aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis á vinnustöðum myndi sjálfstæðan málaflokk undir sameiginlegri stjórn aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins og undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins sem fer með málefni vinnumarkaðarins.
- Lögin eru mjög viðamikil og óhjákvæmilegt að langan tíma taki að koma þeim til framkvæmda og byggja upp þá starfsemi sem þau gera ráð fyrir. Ekki hefur fengist nægilega löng reynsla af framkvæmd þeirra og sum ákvæði þeirra hafa enn ekki komið til framkvæmda.
- Þau vandkvæði og álitamál sem upp hafa komið frá því lögin tóku gildi telur nefndin að unnt verði að leysa að mestu leyti við framkvæmd þeirra.

Nefndin hefur fjallað um nokkur vandkvæði og álitamál sem henni er kunnugt um að upp hafi komið við framkvæmd laganna og verður hér að neðan gerð grein fyrir helstu niðurstöðum hennar varðandi þessi atriði.

Ákvæði um hvíldartíma og frídaga.

Vandamál hafa komið upp við framkvæmd þessarar ákvæða laganna og ljóst er að þau hafa ekki komist til framkvæmda að öllu leyti. Það er einkum við vertíðabundna starfsemi í sjávarútvegi sem vikið hefur verið frá meginákvæðunum.

Vorið 1981 gerðu Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands með sér bráðabirgðasamkomulag um framkvæmd hvíldartímaákvæða laga nr. 46/1980 með gildistíma til 1. nóvember 1981. Í samkomulaginu er m.a. tekið fram að aðilar séu sammála um að halda áfram viðræðum um vaktavinnu og sveigjanlegan vinnutíma til lausnar vanda sem skapast við sérstakar aðstæður vegna ákvæða um hvíldartíma, svo sem við móttöku á fiski, loðnufrystingu, síldarvinnslu o. fl. Þessir aðilar hafa hinsvegar ekki gert með sér neitt frekara samkomulag um þessi mál enn sem komið er og hefur verið gengið út frá því að gildistími bráðabirgðasamkomulagsins hafi framlengst við hverja aðalkjarasamninga síðan það var gert.

Í 52. til 54. gr. laganna eru ýmis ákvæði sem heimila frávik frá meginákvæðunum um lágmarkshvíld á hverjum sólarhring og vikulegan frídag. Þannig er heimilt að stytta hvíldartímamann í 8 stundir við vaktavinnu, störf að landbúnaði og björgun verðmæta frá skemmdum, svo sem sjávarafla. Einnig má víkja frá ákvæðunum verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna. Enn fremur má veita undanþágur frá ákvæðunum þegar starfið er þess eðlis að ekki er unnt að stöðva starfsemina eða sérstakir atvinnuhættir gera frávik nauðsynleg.

Á sama hátt eru í 55. til 57. gr. laganna ýmis ákvæði sem heimila frestun á töku vikulegs frídags eða undanþágu frá slíku fyrirkomulagi þegar ekki er unnt að gera hlé á vinnu vegna eðlis hennar eða sérstakir starfshættir valda því að slík frávik eru nauðsynleg.

Meginregla laganna um framkvæmd frávika og undanþága frá ákvæðum um hvíldartíma og frídaga er sú að um framkvæmdina skuli aðilar vinnumarkaðarins gera með sér samkomulag.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur nefndin ekki til að ákvæðum laganna um hvíldartíma og frídaga verði breytt á þessu stigi, í trausti þess að aðilar vinnumarkaðarins geri með sér nánara samkomulag um framkvæmd frávika frá meginreglunum.

Starfshættir stjórnar Vinnueftirlitsins.

Í lögum nr. 46/1980 er stjórn Vinnueftirlits ríkisins veitt vald til þess að setja reglur um ýmis framkvæmdaatriði innan ramma laganna. Bent hefur verið á að ekki er í lögnum tekið fram um málskotsrétt aðila í stjórninni sem kynnu að verða í minnihluta við afgreiðslu mála af þessu tagi, þó ljóst sé að miklir hagsmunir geti verið í húfi. Fram til þessa hefur hinsvegar náðst einróma samkomulag um afgreiðslu allra slíkra mála í stjórninni.

Nefndin er sammála um að yrði sett ákvæði um málskotsrétt í lögina gæti það dregið úr þeim hvata sem verið hefur til þess að menn gerðu sitt ítrasta til að ná samkomulagi í slíkum málum og gerir því ekki tillögu um breytingu á lögum að þessu lútandi.

Heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.

Eins og fram kemur í kafla 3.2. hefur gengið fremur treglega að koma á þeirri starfsemi innan fyrirtækjanna sjálfra sem kveðið er á um í II. kafla laganna. Bent hefur verið á að í löggjöf sumra nágrannalandanna hefur verið gengið lengra í þessum efnum og verkalýðsfélögum heimilað að tilnefna sérstaka öryggistrúnaðarmenn fyrir smærri fyrirtæki á ákveðnum svæðum, svonefnda „svæðisbundna öryggistrúnaðarmenn“. Kostnaður við störf þeirra er greiddur af opinberum sjóðum.

Nefndin er sammála um að leggja ekki til að breyting verði gerð á lögum í þessa átt að sinni, heldur verði séð til með það hvaða árangri aukið fræðslustarf Vinnueftirlitsins og uppbygging starfseminnar að undanfögnu, sem að verulegu leyti hefur verið úti á landsbyggðinni, muni skila.

Heilsuvernd starfsmanna, læknisskoðanir o.fl.

Í XI. kafla laganna er kveðið á um heilsuvernd starfsmanna fyrirtækja þar sem starfsumhverfi er talið geta valdið heilsutjóni af einhverju tagi. Gert er ráð fyrir að þessi starfsemi eigi sér stað í hinu almenna heilsugæslukerfi samkvæmt samningi vinnuveitenda og viðkomandi stofnana og í samráði við heilbrigðisyfirvöld. Almenn ákvæði hafa verið tekin inn í lög um heilbrigðisþjónustu og reglugerð um heilsugæslustöðvar í samræmi við þetta.

Á öllum hinum Norðurlöndunum er í uppbyggingu sérstök fyrirtækjaheilsugæsla sem rekin er á kostnað fyrirtækjanna sjálfra að verulegu leyti.

Fyrirkomulag samkvæmt lögum hefur í dag einungis komist á hjá stórum fyrirtækjum á sviði orkufreks iðnaðar, en starfsemi í þessa veru fer þó fram samkvæmt samningum nokkurra starfsstétta við vinnuveitendur þó þar sé ekki ávallt hugað að samspili vinnuumhverfis og heilsufars á sama hátt og lögina gera ráð fyrir.

Við Vinnueftirlitið hefur verið byggð up ný starfsemi á sviði atvinnusjúkdóma eins og fram kemur í kafla 3.2. Ýmis undirbúningur hefur verið unninn að því að koma ákvæðum laganna um heilsuvernd til framkvæmda á næstu árum.

Nefndin leggur ekki til að ákvæðum laganna um heilsuvernd starfsmanna verði breytt að sinni, heldur verði látið reyna á framkvæmd þeirra á næstu árum.

4.2. MIKILVÆG VERKEFNI Á SVIÐI VINNUVERNDAR.

Nefndin bendir á að starfsemi á sviði vinnuverndar er í eðli sínu fyrirbyggjandi og miðar að því að koma í veg fyrir slys og sjúkdóma og að stuðla að vellíðan manna við hin ýmsu störf í þjóðfélaginu. Ýmsar þær úrbætur sem gera þarf kosta verulega fjármuni, en náist árangur í þessu starfi sparast fjármunir í heilbrigðiskerfinu og hjá fyrirtækjunum. Í ýmsum tilvikum fara enn fremur saman bættir framleiðsluhættir og aukin framleiðni annars vegar og aukin vinnuvernd hins vegar.

Nefndin bendir á eftirtalin verkefni sem hún telur mikilvægt að unnin verði á næstu árum:

Varnir gegn heyrnarskemmdum.

Á undanförunum árum hefur komið í ljós að mikill fjöldi einstaklinga hefur orðið fyrir heyrnartjóni vegna vinnu á hávaðasömum vinnustöðum. Þannig tilkynnti Heyrnar- og talmeinstöð Íslands um samtals 1686 slík tilvik á árunum 1981—1984 sem flest komu í ljós við heyrnarmælingar á vinnustöðum.

Vinnueftirlitið hefur þegar unnið verulegt starf á þessu sviði með mælingum á hávaða á vinnustöðum og leiðbeiningum um úrbætur, áróðri um notkun heyrnarhlífa o.fl. Nýverið samþykkti stjórn Vinnueftirlitsins nýjar reglur um hávaðavarnir á vinnustöðum og hlutu þær staðfestingu félagsmálaráðuneytisins hinn 5. desember sl. Nýverið kom enn fremur út ítarleg leiðbeiningabók stofnunarinnar um framkvæmd hávaðavarna til notkunar fyrir tækniráðgjafa, stjórnendur fyrirtækja, trúnaðarmenn starfsmanna o.fl. Á lokastigi undirbúnings er enn fremur útgáfa almennra leiðbeininga um hávaða og heyrnarskemmdir og sérstakra merkimiða til að gefa til kynna hvar innan fyrirtækjanna skylt sé að nota heyrnarhlífar.

Lögð hafa verið drög að umfangsmiklu verkefni á vegum Vinnueftirlitsins sem felur m.a. í sér að hávaði á vinnustöðum verður kortlagður um allt land af eftirlitsmönnum stofnunarinnar með það fyrir augum að komast að því hvar framkvæma þurfi úrbætur samkvæmt hinum nýju reglum og hvaða vinnustaðir falla undir ákvæði um heyrnareftirlit starfsmanna. Fyrirtækjunum verða gefnar einfaldar leiðbeiningar um framkvæmd úrbóta þar sem þær eiga við og þeim bent á hvernig afla má frekari ráðgjafar þar sem þess gerist þörf. Þegar hefur verið haldið námskeið fyrir eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins til undirbúnings þessa verkefnis.

Sérstakar aðgerðir þarf að framkvæma til þess að tryggja að vélar sem framleiddar eru hérlendis eða fluttar eru inn skapi sem minnstan hávaða og að við hönnun mannvirkja sé leitast við að koma í veg fyrir hávaða.

Það er mat nefndarinnar að aðgerðir til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir heyrnarskemmdir séu brýnt verkefni sem taka mun allmörg ár að framkvæma.

Aðgerðir til að koma í veg fyrir heilsutjón af völdum lífrænna leysiefna.

Rannsóknir í nágrannalöndunum hafa leitt í ljós að umtalsverður fjöldi starfsmanna hefur hlotið varanlegar skemmdir á heila og taugakerfi vegna vinnu við svonefnd lífræn leysiefni. Sem dæmi má nefna að á árabílinu 1980 til 1983 voru viðurkennd bótaskyld tilfelli í Danmörku 1325, en á tímabilinu 1981 til 1984 bárust norska vinnueftirlitinu 407 tilkynningar um slík tilvik, þar af 223 á árinu 1984 (sjá fréttablað norska vinnueftirlitsins, nóv. hefti 1985).

Hér á landi eru lífræn leysiefni notuð við bílasprautun, í húsgagna- og innréttingaframleiðslu, byggingariðnaði, plastiðnaði, prentiðnaði, málmiðnaði og víðar. Takmarkaðar mælingar Vinnueftirlitsins hafa leitt í ljós að við ýmis störf verður mengunin yfir markgildum og því hætta á heilsutjóni fyrir hendi. Ekki hafa borist formlegar tilkynningar um samskonar heilsutjón og áður er getið enn sem komið er, en hafa ber í huga að greining er vandasöm og að framkvæmd tilkynninga um atvinnusjúkdóma er mjög ábótavant.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins hefur þegar samþykkt að aðgerðir til varnar heilsutjóni af völdum lífrænna leysiefna skuli vera forgangsverkefni á næstu árum.

Varúðaraðgerðir vegna notkunar eitrefna og hættulegra efna.

Hér á landi er notað umtalsvert magn eitrefna og hættulegra efna við ýmiss konar atvinnustarfsemi. Algengast er að efni þessi séu flutt til landsins til notkunar á vinnustöðum

án þess að merkingar á íslensku séu á umbúðum og án þess að nauðsynlegar notkunarleiðbeiningar á íslensku séu fyrir hendi.

Hér á landi eru enn fremur notuð efni í nokkrum mæli sem talið er að geti valdið krabbameini og stöðugt fjölga þeim efnum sem skipað er á þann bakk. Þegar hefur verið gripið til ráðstafana til að draga úr notkun asbests að frumkvæði Vinnueftirlitsins, en ekki hefur verið komið á jafnitarlegu eftirliti með notkun slíkra efna hérlendis eins og t.d. samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar frá 1974 gerir ráð fyrir.

Nefndin telur að aðgerðir til að stuðla að öryggi við meðferð eiturefna og hættulegra efna á vinnustöðum eigi að hafa forgang á næstu árum.

Endurbætur á gagnagrunni vinnuverndarstarfsins.

Eins og fram kemur í kafla 3.3. er einungis lítill hluti þeirra vinnuslysa sem til meðferðar koma hjá sjúkrastofnunum tilkynntur Vinnueftirlitinu.

Þegar er hafin uppbygging tölvuskrár fyrir vinnuslys hjá Vinnueftirlitinu og er vonast til þess að með bættri framkvæmd tilkynninga frá vinnuveitendum og með samstarfi við heilbrigðisstofnanir og Tryggingastofnun ríkisins megi stórbæta skráninguna frá því sem nú er. Markmið skráningarinnar er að gera ítarlegri rannsóknir á orsökum vinnuslysa mögulega í þeim tilgangi að koma við fyrirbyggjandi aðgerðum.

Lítið er vitað um útbreiðslu atvinnutengdra sjúkdóma hér á landi eins og fram kemur í kafla 3.3. Ekki er raunhæft að hér á landi verði stundaðar almennar grunnrannsóknir á þessu sviði, heldur verður fyrst og fremst að styðjast við niðurstöður erlendra rannsókna. Starfsemi á þessu sviði ber fyrst og fremst að beinast að aðstæðum sem eru sérstakar hér á landi með það fyrir augum að afla gagna til að byggja á ákvarðanir um fyrirbyggjandi aðgerðir.

Nefndin telur nauðsynlegt að markvisst verði unnið að því að bæta gagnagrunn vinnuverndarstarfsins á næstu árum.

Aukin starfsemi á sviði iðjufræði („ergónómí“).

Til skamms tíma hefur lítill gaumur verið gefinn að iðjufræðilegum málefnum hérlendis (iðjufræði er hér notað yfir þau fræði sem fjalla um beitingu líkamans við vinnu). Leiða má líkur að því að röng beiting líkamans og óheppilegar vinnuaðstæður valdi sjúkdómum og kvillum hjá fjölda einstaklinga hér á landi og að slíkt leiði jafnframt til verulegs fjárhagstjóns fyrir atvinnulífið.

Nefndin leggur áherslu á að starfsemi á þessu sviði verði aukin.

Aukin fræðslustarfsemi á sviði vinnuverndar.

Eins og fram kemur í kafla 3.2. hefur þegar verið komið á allverulegri fræðslustarfsemi á vegum Vinnueftirlitsins, en auk þess hafa samtök launþega og vinnuveitenda staðið fyrir slíkri fræðslu. Nefndin telur nauðsynlegt að efla fræðslustarfið verulega, t.d. með aukinni útgáfustarfsemi, námskeiðshaldi, gerð myndbanda, fræðslu á vinnustöðum (t.d. við heimsóknir eftirlitsmanna Vinnueftirlitsins) og áróðri í fjölmiðlum.

Nefndin er sammála um að aukið fræðslustarf sé forsenda þess að unnt sé að koma á laggirnar samstarfi vinnuveitenda og starfsmanna innan fyrirtækjanna sjálfra um þessi mál í samræmi við meginmarkmið laga nr. 46/1980.

5. GAGNASKRÁ.

Löggjöf.

- Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Lög nr. 46/1977 um skotvopn, skotelda og sprengiefni.
- Lög nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni.

Reglur og reglugerðir samkvæmt lögum nr. 46/1980.

- Reglur um eftirlitsbækur, 1981.
- Reglugerð um vinnueftirlit í landbúnaði, nr. 288/1981.
- Reglur um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja, nr. 77/1982.
- Reglur um asbest, nr. 75/1983.
- Reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum, nr. 198/1983.
- Reglur um hávaðavarnir og heyrnareftirlit (staðfestar í des. 1985).
- Reglur um naglabyssur (staðfestar í des. 1985).
- Reglur um heftibyssur (staðfestar í des. 1985).

Reglur og reglugerðir í gildi, sem settar voru samkvæmt eldri löggjöf.

- Reglugerð nr. 10/1929 um eftirlit með verksmiðjum og vélum sbr. breytingu á reglug. nr. 95/1941 (ákvæði um eimkatla enn í gildi).
- Reglugerð nr. 91/1933 um meðferð og framleiðslu á gási til iðnaðar og um búnað og meðferð hylkja fyrir þjappað loft, svo og um hreinsun og viðgerð á bensíntunnum.
- Reglugerð nr. 49/1947 um öryggisbúnað sýningartækja við kvikmyndasýningar.
- Reglugerð nr. 301/1952 um öryggisráðstafanir gegn slyshættum við vinnu í kötlum, kerjum og geymum.
- Reglugerð nr. 202/1952 um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir við sprautumálun.
- Reglugerð nr. 69/1953 um öryggisráðstafanir við fermingu og affermingu skipa.
- Reglugerð nr. 145/1953 um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum.
- Reglugerð nr. 83/1954 um flutning á ammoníumnitratáburði á landi og geymslu hans.
- Reglur nr. 24/1956 um skráningu og tilkynningu atvinnusjúkdóma.
- Reglugerð nr. 12/1965 um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum.
- Reglugerð nr. 203/1972 um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftibúnaði.
- Reglugerð nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingavinnu.
- Reglugerð nr. 225/1975 um húsnæði vinnustaða.
- Reglugerð nr. 302/1978 um vatnshitunarkerfi, önnur en jarðvarmaveitur.

Leiðbeiningar og kennslugögn.

Leiðbeiningaröð Vinnueftirlitsins.

- Nr. 1. Öryggi við notkun drifskaftra (1983).
- Nr. 2. Varúð — asbest (1984).
- Nr. 3. Loftræsting (1984).
- Nr. 4. Vinna við tölvuskjá (1984).
- Nr. 5. Jarðgangagerð (1985).

Handbækur.

- Hávaðavarnir, lögmál og leiðbeiningar (140 bls., 1985).

Kennslugögn fyrir skóla.

- Á vinnustað, kennslubæklingur fyrir 9. bekk grunnskóla ásamt kennaraleiðbeiningum, gefið út í samvinnu við Námsgagnastofnun.
- Byggingakranar, námshefti fyrir vinnuvélanámskeið.
- Vírar, stroffur og ásláttarbúnaður, kennsluhefti fyrir vinnuvélanámskeið.

Aðrar leiðbeiningar.

- Vinnueftirlit í landbúnaði (1983).
- Spurningalisti um öryggisatriði í landbúnaði (1984).
- Skrá um markgildi (hættumörk, mengunarmörk) fyrir eiturefni og hættuleg efni í andrúmslofti á vinnustöðum (1978).
- Leiðbeiningar um notkun eiturefna og hættulegra efna á vinnustöðum (1976—1977), nr. 1 brennisteinssýra, nr. 2 saltsýra, nr. 3 cýaníð (blásýrusölt), nr. 4 salpéturssýra.
- Leiðbeiningar um klór og reglur um uppsetningu, gerð og notkun tækja fyrir fljótandi klór (1970).
- Merkjakerfi fyrir kranastjórn.
- Töflur yfir gildleika og burðarþol á keðjulengjum og stroffum.
- Ýmis umburðarbréf og tilkynningar um afmörkuð málefni (nánari upplýsingar fást á aðalskrifstofu stofnunarinnar).

Veggspjöld.

- „Aðvörurn vegna hættu af völdum kolsýrlings (CO)“.
- „Öryggi er mál okkar allra“.
- „Gott starfsumhverfi ræður miklu um líðan þína og heilsu“.
- „Heyrnartjón er ólæknandi“.

Fréttabréf um VINNUVERND.

- 1. tbl. 1984.
- 1.—4. tbl. 1985.

Skýrslur Vinnueftirlits ríkisins (opin dreifing).

- Könnun á kísilsýrurými í andrúmslofti starfsmanna við framleiðslu og flutning kísilgúrs, nóvember 1981.
- Könnun á öryggisráðstöfunum við hafnarvinnu (vöruflutninga) í Reykjavík, maí 1982.
- Könnun á áhrifum asbestmengunar á Íslandi. Illkynja mesotelioma á Íslandi 1965-1982, des. 1983.
- Könnun á aðbúnaði starfsmanna við beitingastörf á Suðurnesjum, des. 1983.
- Mengunarúttekt í Járblendiverksmiðjunni á Grundartanga, sept. 1983.
- Mengunarúttekt í kerskálum Íslenska álfélagsins hf. í Straumsvík, nóv. 1983.
- Skoðun á auglýsingastofum, 1984.
- Ráðstefna um vinnuvernd, Hótel Loftleiðum 11. og 12. nóv. 1982, 1984.
- Dánarmein og nýgengi krabbameina hjá vélstjórum og mótórvélstjórum, 1984.
- Dánarmein múrara, 1984.
- Tilkynningar um meinta atvinnusjúkdóma á Íslandi 1981 til 1983, 1984.
- Vinnueftirlit ríkisins, skýrsla um starfsemina 1981 til 1983, 1984.
- Skýrsla um úrtaksskoðun 302 bændabýla sumarið 1983, 1984.
- Skýrsla um könnun á framboði varahluta fyrir öryggisbúnað búvéla, 1985.

- Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á byggingavinnustöðum á höfðuborgarsvæðinu, 1985.
- Hávaðamælingar á vinnustöðum 1981 til 1984, 1985.

Önnur gögn.

- Öryggiseftirlit ríkisins 50 ára, skýrsla um starfsemina 1928—1978, 1978.
- Vinnuvernd I, félagsmálaráðuneytið 1981.
- Vinnuvernd II, félagsmálaráðuneytið 1981.

Skipurit fyrir Vinnueftirlit ríkisins

